

3. gr.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.*Kristín Haraldsdóttir.***REGLUGERÐ**

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 150/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á bökuðum kartöflum og grænni papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	29.03. – 30.06.00	ótilgr.	15	30
0709.6003	Paprika, græn	03.04. – 16.04.00	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, græn	17.04. – 23.04.00	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. mars 2000.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt, frá og með 30. mars til 15. maí 2000, að stunda línuveiðar vestan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 65°30'00 N - 24°14'00 V
2. 65°22'00 N - 24°19'00 V
3. 65°12'00 N - 24°30'00 V